

JAFNLAUNASTEFNA – LAUNAJAFNRÉTTI

EIGANDI: SKÓLASTJÓRI

ÚTGÁFUDAGUR 9.4.2026 – ÚTGÁFA 2

Tilgangur og markmið

Jafnlaunastefnu skólans er ætlað að tryggja að við ákvörðun launa sé gætt fyllsta jafnréttis. Starfsmenn skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf og skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðunar ekki fela í sér kynjamismun eða aðra mismun. Stjórnendur skólans skuldbinda sig jafnframt til að viðhalda stöðugum úrbótum á sviði launajafnréttis, hafa eftirlit með viðmiðum og bregðast við óútskýrðum launamun og þeim frávikum sem kunna að koma upp við rýni á ferlum launaákvörðanna.

Jafnlaunastefna skólans er hluti af jafnréttisáætlun hans en tilgangur jafnréttisáætlunar er að tryggja að starfsmönnum sé ekki mismunað á nokkurn hátt svo sem vegna kyns, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, kynhneigðar, litarháttar, efnahags, ætternis, fötlunar, aldurs eða stöðu að öðru leyti. Jafnréttisáætlun er unnin í samræmi við lög nr.150/2020 og tekur breytingum í samræmi við þau lög.

Jafnlaunakerfi og gildissvið

Skólinn hefur innleitt jafnlaunakerfi sem nær til allra starfsmanna hans. Markmið jafnlaunakerfisins er að tryggja að stjórnendur skólans fylgi ferlum sem tryggja launajafnrétti starfsmanna hans.

Við ákvörðun launa skal gæta fyllsta jafnréttis.

Við ákvörðun starfskjara skal tryggt að þau viðmið sem lögð eru til grundvallar þeirri ákvörðun feli ekki í sér kynjamismun. Það gildir jafnt um lífeyrisframlag, lengd orlofs eða veikindaréttar eða hvers konar annarra starfskjara sem hægt er að meta til fjár.

Tilvísanir

Skjöl	Skrár
	Jafnréttisáætlun sem er hluti starfsáætlunar skólans sem gefin er út á hverju hausti